

## LÖG

### um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði, nr. 61/2006, með síðari breytingum (selveiðar).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra getur með reglugerð sett reglur um selveiðar, m.a. um skráningu selveiða og að banna eða takmarka selveiðar á íslensku forráðasvæði ef það er talið nauðsynlegt að mati Hafrannsóknastofnunar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 15. maí 2019.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Kristján Þór Júlíusson.*